



Aðkoma Greiningar- og ráðgjafarstöðvar að snemmtækri íhlutun barna með alvarlega fötlun í leikskólum

Aðalheiður Una Narfadóttir, leikskólasérkennari
Guðbjörg Björnsdóttir, þroskaþjálfari
Atli F. Magnússon, atferlisfræðingur

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
6. og 7. maí 2010

Þjónusta þroskahömlunarsviðs

- Þjónusta við börn á aldrinum 0-6 ára er tvennskönar.
- Börn sem vísað er fljótlega eftir fæðingu vegna frávíka sem leitt geta til fötlunar.
- Börn sem vísað er á leikskólaaldri vegna frávíka í þroska.

Snemmtæk íhlutun á GRR

- Tilvísun
 - Börn á aldrinum 0-2 ára fá þjónustu samkvæmt hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar
- Teymi
 - Í teymi snemmtækra íhlutunar eru: Foreldrar, þroskaþjálfari/leikskólasérkennari, sjúkraþjálfari, læknir, sálfræðingur og félagsráðgjafi
- Regluleg þjónusta - fjölskyldumiðuð þjónusta
 - Regluleg þjónusta á GRR og á heimili fjölskyldunnar

Eftirfylgd í leikskóla

- Þétt eftirfylgd í byrjun, fyrstu 6-8 vikurnar
 - Þjónustuteymi myndað
 - er einstaklingsmiðuð, fer eftir þörfum barnsins og leikskólans
- Fræðsla fyrir allt starfsfólk leikskólans
 - fræðslan er miðuð út frá þörfum og fötlun barnsins
- Að öllu jöfnu er dregið úr eftirfyldinni
 - ef allt gengur að óskum situr tengill frá GRR teymisfundi 1x á önn

Ástæða fyrir aukinni eftirfyld

- Litlar framfarir/afturför
 - gengur illa/ekki að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.
- Lítið um úrræði í heimabyggð
 - Fáir sérfræðingar, ófaglært starfsfólk og lítil reynsla vegna fárra barna með alvarleg frávik á svæðinu.
- Alvarleg hegðunarvandamál.

Kynning á málum tveggja drengja

- Fjögurra og fimm ára drengir
- Báðir í snemmtækri íhlutun og regluleg þjónusta í leikskólum drengjanna
- Litlar framfarir og alvarleg hegðunarvandamál
- Í ljósi þessa ákveðið að veita aukna ráðgjöf og eftirfylgd

Nonni

- Fjögurra ára drengur sem vísað var á GRR við 10 mánaða aldur
- Með litningafrávik (partial tetrasomy #13) sem getur leitt til alvarlegrar þroskahömlunar
- Byrjaði í leikskóla tæplega tveggja ára
- Með fullan stuðning í leikskólanum og með faglærðan starfsmann sem stuðningsaðila
- Mikið frá vegna veikinda fyrsta árið í leikskólanum, tíðar innlagnir á sjúkrahús

Nonni

- Litlar framfarir og erfið sjálfskaðandi hegðun og því ákveðið að auka ráðgjöf og eftirfylgd
- Fyllt út í matslista AEPS (Assessment, Evaluation and Programming System for Infants and Children)
- Virknimat á sjálfskaðahegðun
- Bein athugun í vinnustund og frjálsum leik í leikskólanum
- Viðtal við foreldra

Nonni

- Drög að markmiðum fyrir einstaklingsnámskrá voru unnin úr niðurstöðum úr beinni athugun, matlista og viðtali við foreldra
- Megin markmið voru að kenna honum:
 - að nota hendurnar (t.d. til boðskipta og í leik)
 - boðskipti
 - Sjálfshjálp/ klósettþjálfun
 - Leikur með leikföng
 - Samfélagsþjálfun. Vandamál fyrir fjölskylduna að fara með hann t.d í búð, heimsóknir o.fl.

Tómas

- Fimm ára drengur sem vísað var á GRR við 12 mánaða aldur
- Greindur með litningafrávik (Angelman) sem getur leitt til alvarlegrar þroskahömlunar
- Byrjaði í leikskóla tæplega tveggja ára
- Með fullan stuðning í leikskólanum, í byrjun með ófaglærðan starfsmann sem stuðningsaðila

Tómas

- Litlar framfarir og því ákveðið að auka ráðgjöf og eftirfylgd
- Fyllt út í matslista Portage Guide Birth to Six, ABLLS (Assessment of Basic Learning and Language Skills)
- Bein athugun í vinnustund og frjálsum leik í leikskólanum
- Viðtal við foreldra

Tómas

- Drög að markmiðum fyrir einstaklingsnámskrá voru unnin úr niðurstöðum úr beinni athugun, matlistum og viðtali við foreldra
- Megin markmið voru að kenna honum:
 - Boðskipti
 - að nota hendurnar (t.d. til að matast og til boðskipta)
 - Sjálfshjálp / klósettþjálfun

Eftirfylgd Nonna og Tómasar

- Mikilvægt var að gera færnimat til að fá hnitmiðuð markmið, vita hver staðan var og hvar átti að byrja.
- Markviss þjálfun og ráðgjöf var fyrir starfsfólk leikskóla beggja drengjanna
- Markmiðum fylgt eftir í samvinnu við fagfólk á staðnum

Árangur

- Framfarir hjá Nonna:
 - Vinna hafin á fyrstu stigum boðskipta (Pecs)
 - Meiri þátttaka í vinnustundum
 - Óæskileg hegðun hefur minnkað
- Framfarir hjá Tómasi:
 - Vinna hafin á fyrstu stigum boðskipta (hlutatafla)
 - Hættur með bleiu
 - Orðinn sjálfstæðari í að matast

Óbeinn árangur

- Starfsfólk öruggara og áhugasamara í starfi
- Lausnamiðara í hugsun
- Aukin ánægja í starfi
- Skilar sér til sveitafélagsins

Takk fyrir